



Alþingi
Erindi nr. P 135/579

komudagur 30.11.2007

Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Eiríkur Áki Eggertsson
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 26. nóvember 2007
HB/hó

Efni: Frumvörp til laga um olíugjald og kílómetragjald, 231. mál og 4. mál, endurgreiðsla gjalds

Tilv: 2007110018

Vísað er tvö í bréf efnahags- og skattanefndar Alþingis dags. 22. nóvember sl., þar sem leitað er umsagnar um ofangreind frumvörp.


Með fyrra frumvarpinu er verið að festa til frambúðar tímabundna lækkun olíugjalds og kílómetragjalds á bifreiðar til sérstakra nota til þess að gera díselbíla samkeppnishæfari gagnvart bensínbílum.

Bændasamtökin eru sammála markmiðum frumvarpsins, en miðað við núverandi verðlag á díselolíu og bensíni, þyrfti að ganga lengra í þessa átt til að gera díselbílinn virkilega að fýsilegri kosti sem einkabíl.

Seinna frumvarpinu, 4. máli, mun ætlað að draga úr flutningskostnaði, þótt sá rökstuðningur komi ekki sérstaklega fram í greinargerð með frumvarpinu.

Bændasamtök Íslands styðja alla viðleitni til að lækka flutningskostnað, sem varðar sérstaklega miklu fyrir lífskjör og samkeppnisstöðu atvinnulífs á landbyggðinni.

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands


Haraldur Benediktsson